



Íslensku safnaverðlaunin 2000 Afhending 22. september

Álitsgerð dómnefndar

Dómnefnd hefur einróma samþykkt að veita Síldarminjasafninu á Siglufirði Íslensku safnaverðlaunin árið 2000. Safnið hefur að mati dómnefndar verið í starfi sínu í fylkingarbrjósti í góðu starfi íslenskra safna undanfarin ár. Safnstjóri hefur bjargað frá glötun mikilsverðum atvinnuminjum og kappkostað að sýna þær og kynna almenningi svo að eftir er tekið.

Síldarminjasafnið hefur verið starfrækt í Róaldsbrakka frá árinu 1994, og óhætt mun að fullyrða að Félag áhugamanna um minjasafn (FÁUM) sem stofnað var í september 1989 hafi undir forystu Örlygs Kristfinnssonar haft forgöngu um að Síldarminjasafnið þróaðist í þá mynd sem við þekkjum í dag. Síldarminjasafnið er sérhæft safn með markvissa söfnunarstefnu, en söfnunarsvið þess er síldarútvegur og síldarvinnsla á Íslandi; þeir atburðir sem kallaðir hafa verið síldarævintýrið mikla.

Á sýningu safnsins er kynnt sérhæft atvinnulíf, þ.e. síldveiðar, söltun, bræðsla og frystiðnaður og ofið við daglegt líf vinnandi fólks á staðnum. Þetta er gert á lifandi og áhugaverðan hátt þar sem teft er saman þekkingu og hugviti heimamanna fremur en dýrum aðkeyptum lausnum.

Róaldsbrakkinn er heppileg umgjörð Síldarminjasafnsins. Á neðstu hæð hússins er saga síldarútvegs sögð með veiðafærum og munum, sem komið er fyrir af smekkvísi.

Gott samspil er milli umhverfis og sýningargripa og samtímis er miðlun upplýsinga til fyrirmyndar. Einföld en jafnframt sérlega skemmtileg sýningarskrá liggur frammi. Þar er sýningargripum lýst í máli og myndum með þeim hætti að helstu þættir verkfæra og þess verklags sem beitt var við síldveiðar komast til skila á hnitmiðaðan hátt.

Í sýningarsal á annarri hæð er sögð saga síldarútgerðar á Íslandi á áhugaverðan hátt. Þar má sérstaklega benda á tengingu við síldarsögu annarra Evrópuþjóða og þátt Norðmanna, sem gefur sýningunni aukið vægi.

Á efri hæðum hússins eru vistarverur verkafólksins eins og þær litu út um miðja öldina. Þar er persónulegum munum haganlega komið fyrir og tekst vel að kynna líf og aðbúnað fólksins og tíðaranda.

Fyrir framan Róaldsbrakkann hefur verið endurgert síldarplan, sem vikulega lifnar við þegar síldarsöltun er sýnd með leikrænum tilþrifum við undirleik harmónikku.

Á Síldarminjasafni Siglufjarðar er framsetning safnmuna svo og miðlun til fyrirmyndar. Tekist hefur að skapa nálægð við sögu og draga upp heilsteypta og trúverðuga mynd af afmörkuðu tímabili í sögu Siglufjarðar og mikilvægu í lífi þjóðarinnar allrar. Safnið endurspeglar sérstöðu og sögu Siglufjarðar. Tilvist þess styrkir ímynd bæjarins og er öllu menningarlífi á Siglufirði mikil lyftistöng.

Ég vil biðja safnstjóra Síldarminjasafnsins, Örlyg Kristfinnsson, að koma hér fram og taka á móti verðlaununum.